



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 30. apríl 2013, kl. 20:00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð

Fundargerð rituð í tölvu og er 1 blaðsíða.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1304042 – Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 27. febrúar 2013.

Farið yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt.

2. 1304043 – Umhverfisdagurinn 2013

Nefndin ákveður að hafa umhverfisdag Reykhólahrepps fimmtudaginn 9. maí 2013, umhverfisdagurinn verður með sama sniði og áður frá kl. 11 – 14 og grillað í lok dagsins.

3. 1304010 – Hunda og kattahald á Reykhólum.

Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni og Guðmundi H. Sigvaldasyni dagsett 4. apríl 2013. Erindinu vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar þann 11. apríl 2013.

Nefndin tekur undir með bréfiturum og hvetur hreppsnefnd til að láta útbúa reglur um hunda- og kattarhald á Reykhólum og gera allt hunda- og kattarhald innan þéttbýlisins leyfisskilt. Nefndin tekur að sér að útbúa reglurnar. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál: (ef einhver)

4. 1304049 – Plöntur á sorpsvæðið á Reykhólum.

Nefndin beinir því til hreppsnefndar að samþykkja fjárukningu vegna kaupa á plöntum fyrir sorpsvæðið allt að 50.000 kr. í ár.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21:10
